



Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið

2022-2023

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2022-2023, þ.e. á milli aðalfunda. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli.

Stjórn VFÍ 2022-2023

Svana Helen Björnsdóttir, formaður

Páll Á. Jónsson, varaformaður, form.

Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ

Anna Beta Gísladóttir, meðstjórnandi

Guðrún Sævarsdóttir, meðstjórnandi

Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður

Kjaradeildar VFÍ

Erlendur Örn Fjeldsted, varameðstjórnandi

Þröstur Guðmundsson, varameðstjórnandi

Kjaradeild

Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður

Erlendur Örn Fjeldsted

Gunnar Sigvaldason

Halldór Zoëga

Helga Helgadóttir

Einar Halldórsson, varameðstjórnandi

Lúvísá Sigurðardóttir, varameðstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Páll Á. Jónsson, formaður

Bergþór Þormóðsson

Stefán Veturliðason

Jón M. Guðmundsson, varameðstjórnandi

Endurskoðendur

Eysteinn Einarsson, skoðunarmaður

Kristjana Kjartansdóttir, skoðunarmaður

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.

Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og

félagssviðs, staðgengill framkv.stj.

Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða

Hanna Dóra Hjartardóttir, fulltrúi

Heiðrún H. Þórisdóttir, fulltrúi í móttöku

Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri

Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir, sérfræðingur

á sviði kjaramála

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, sérfræðingur á

sviði kjaramála

Efnisyfirlit

Ávarp formanns

Áhersla á mennta- og réttindamál

Útgáfumál

Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Samstarf innanlands og erlendis

FEANI/Engineers Europe

Ársreikningur Félagssjóðs 2022

Ársreikningur Hússjóðs 2022

Skýrslur deilda, nefnda og faghópa

Atburðir 2022-2023

bls. 3

bls. 4

bls. 6

bls. 8

bls. 10

bls. 11

bls. 13

bls. 14

bls. 21

bls. 26



Ávarp formanns VFÍ

Á árinu 2022 fagnaði Verkfræðingafélag Íslands 110 ára afmæli. Í tilefni af þessum merka áfanga voru ýmis verkefni klárð og önnur sett á dagskrá. Má til dæmis nefna að samhliða Degi verkfræðinnar var haldin alþjóðleg ráðstefna, IMaR sem stendur fyrir Innovation, Megaprojects and Risk, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og voru báðir viðburðirnir fjölsóttir og tókust vel. Stefnt er að því að ráðstefnan verði fastur liður í starfsemi VFÍ. Nú á vormánuðum hefst vinna við endurnýjun á vef VFÍ, sem felur í sér þróun á innri félagatalsvef, og næsta haust verður frumsýnd mynd um sögu, samtíð og framtíð verkfræði á Íslandi.

Í upphafi árs 2023, voru félagar í Verkfræðingafélaginu 5.312 talsins og fjölgaði þeim um 5,6% á árinu 2022. Félagafjölgunin hefur verið stöðug undanfarin ár. Það er vísbending um breytta tíma að nú fjölgar konum hraðar en körlum í félaginu og voru þær 1.131 talsins um síðustu áramót, eða 21,4% félagsmanna.

Eins og áður er fjárhagsleg staða VFÍ og sjóða í vörslu þess mjög traust. Það er afar ánægjulegt að geta enn á ný lagt fram tillögu um óbreytt félagsgjöld þrátt fyrir mikla verðbólgu og hækkun kostnaðarliða. Félagsgjöldin hafa verið óbreytt frá árinu 2017.

Mikil ábyrgð felst í því að reka sjúkra- og styrktarsjóði félagsins þannig að þeir geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Ársskýrslur sjóðanna sýna að það hefur tekist og staða sjóða VFÍ er sterk.

Í desember 2022 var framkvæmd þjónustukönnun meðal félagsmanna og niðurstöðurnar sýna að ánægja með þjónustu félagsins hefur aukist á öllum sviðum frá árinu 2019 þegar sambærileg könnun var gerð. Einnig eru meðaltalseinkunnir VFÍ í öllum tilvikum yfir svokölluðu meðaltali Maskínu, sem hefur að geyma svör fjölmargra einstaklinga sem hafa svarað sam-

bærilegum könnunum um þjónustu hinna ýmsu aðila. Það verður vissulega áskorun að halda svo góðri útkomu, hvað þá að ná enn betri niðurstöðu sem vissulega hlýtur að vera markmiðið.

Stjórn VFÍ hefur lagt áherslu á að skila vönduðum umsögnum um margvísleg málefni. Í ársskýrslunni er listi yfir umsagnir félagsins á liðnu starfsári sem flestar voru lagðar fram í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda, en var einnig skilað beint til nefnda Alþingis. Stjórn áformar að kynna þessar umsagnir betur, bæði fyrir félagsmönnum og einnig opinberlega með greinaskrifum.

Útgáfu Verktækni var breytt á liðnu ári og er nú alþjóðleg og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til birtingar ritrýndra fræðigreina og skráningar í alþjóðlega gagnagrunna. Lögd var áhersla á að megintungumál útgáfunnar væri íslenska en fræðimenn geta valið að birta á íslensku eða ensku. Vandað er til ritrýni og nú er birting greina í „open access“ án sérstaks kostnaðar. Verktækni hefur einnig fengið enskt heiti samhliða því íslenska og heitir nú „Icelandic Journal of Engineering“. Útgáfan er rafræn og settur var í loftið nýr vefur fyrir tímaritið, ije.is. Í lok hvers árs eru greinarnar gefnar út á prenti. Þessar breytingar eru merkilegur áfangi í útgáfusögu Verkfræðingafélagsins sem má rekja allt aftur til upphafsins 1912.

Á nýliðnu starfsári voru gerðir kjarasamningar til skamms tíma og því verða næg verkefni framundan við undirbúning næstu kjaraviðræðna. Ég vil sérstaklega nefna kjarasamning VFÍ við Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV). Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta atkvæða og er ánægjulegt hversu þátttaka var góð í atkvæðagreiðslunni. Stefna félagsins er að virða eigi menntun til launa og að mikil eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólki eigi að endurspeglast í góðum starfskjörum. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega trúnaðarmönnum félagsins og þeim sem sitja í samninganefndum fyrir þess hönd.

Hér hefur einungis verið nefndur hluti þeirra fjölmörgu verkefna sem Verkfræðingafélagið vinnur að. Stjórn félagsins hefur verið einstaklega samhent og samstíga í hagsmunagæslu fyrir félagsmenn. Félagið hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem stærsta og öflugasta fag- og stéttarfélag tæknimenntaðra á Íslandi. Þá má ekki gleyma því að stjórnin hefur sterkt bakland meðal þeirra félagsmanna sem starfa að ýmsum verkefnum fyrir félagið. Stjórn félagsins hefur náð að halda þrjá samráðsfundi með þessum hópi á síðustu 18 mánuðum og hafa þeir verið afar gagnlegir og ánægjulegir. Samráðsfundunum er

ætlað að stuðla að góðu upplýsingastreymi milli þeirra sem starfa fyrir félagið, bæta yfirsýn og samhug, og vera til ráðgjafar og stuðnings við stjórn.

Meðal þess sem hefur komið fram á samráðsfundum, er vilji félagsmanna til að gera Verkfræðingafélagið sýnilegra í opinberri umræðu og öflugra í umræðu um hagsmunamál verkfræðinga og tækni-fræðinga. Meðal mála sem stjórn félagsins gerði að umræðuefni opinberlega á síðustu misserum er fúsk og slæleg vinnubrögð í byggingariðnaði. Félagið hefur minnt á mikilvægi góðs undirbúnings og hönnunar ekki síður en vandaðra vinnubragða á byggingarstað. Nú þegar rætt er um nauðsynlegt átak í byggingu íbúðarhúsnæðis, er fagmennska og vönduð vinna á öllum stigum forsenda þess að vel takist til við að búa fólki gott og heilsusamlegt húsnæði.

Mörg önnur málefni, ekki síður brýn, munu verða til umfjöllunar á vettvangi félagsins og opinberlega á næstu mánuðum og árum. Þau varða meðal annars orkuskipti, umhverfis- og loftslagsmál, öryggi innviða landsins, áhrif styttingar framhaldsskólans á háskólanám, starfsumhverfi, aðalskipulag borga og bæja – svo dæmi séu nefnd.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki á skrifstofu félagsins og öllum þeim sem hafa starfað í stjórnnum og nefndum félagsins fyrir afar gott og árangursríkt samstarf á árinu. Einnig þakka ég þeim sem hafa lagt félaginu lið á margvíslegan hátt.

*Svana Helen Björnsdóttir,
formaður Verkfræðingafélags Íslands.*

Menntamálanefnd VFÍ

Skipan MVFÍ starfsárið 2022-2023:

Steindór Guðmundsson, formaður
 Arnlaugur Guðmundsson
 Björn Karlsson
 Heiða Pálmadóttir
 Ingunn Sæmundsdóttir
 Jenný Ruth Hrafnadóttir
 Jens Arnljótsson
 Jóhannes Benediktsson
 Ólafur Pétur Pálsson
 Þórður Helgason

Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bárust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og um leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing.

Tvenns konar fundir nefndarinnar eru haldnir: Annars vegar fundar formaður nefndarinnar með starfsfólki skrifstofu VFÍ og þar eru afgreiddar umsóknir þar sem lítill eða enginn vafi leikur á niðurstöðu vegna margra fordæma. Þessir „embættismannafundir“ eru tiltölulega þétt þannig að umsóknir sem eru einfaldar í afgreiðslu safnist síður upp. Þetta hefur aukið skilvirkni í afgreiðslu umsókna.

Hins vegar er svo öll nefndin boðuð á fundi á um það bil á tveggja mánaða fresti, þar sem áhersla er lögð á að afgreiða umsóknir þar sem vafi leikur á hvort skilyrði um inngöngu og/eða skilyrði fyrir því að fá viðkomandi starfsheiti eru uppfyllt. Almennir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru sex, en embættismannafundir voru sjö talsins. Þessir fundir hafa verið haldnir í Verkfræðingahúsi.

Umsóknir um ungfélagaaðild voru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nemar í verkfræði og tæknifræði fá að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tæknifræðináms eða verkfræðináms og ungfélagaaðild er gjaldfrjáls.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið tvö, bárust Menntamálanefnd VFÍ all margar fyrirspurnir um það hvort tiltekið meistaranám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í

langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS –námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

Umsagnir VFÍ sem stéttarfélags vegna umsókna um atvinnuleyfi

Undanfarin ár hafa aukist fyrirspurnir til VFÍ vegna umsókna einstaklinga utan EES svæðisins um atvinnuleyfi sem sótt er um hjá Vinnumálastofnun. Þá þarf umsögn frá viðkomandi stéttarfélagi, sem er VFÍ ef umsækjandi er að sækja um starf sem verkfræðingur, tæknifræðingur eða með BS-próf í verkfræði. Menntamálanefnd hefur skoðað þessar umsóknir og metið fyrir hönd VFÍ.

Samskipti við ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar

Hinn 1. febrúar 2022 tók formlega gildi „breytt skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands“. Málefni MVFÍ heyra nú undir ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, þar sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir er ráðherra. Áður heyrðu þessi mál undir ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar. Þessum



breytingum fylgdi tilfærsla þess ráðuneytisfólks sem hafði séð um samskiptin við VFÍ árum saman. Samskiptin við nýtt ráðuneytisfólk hafa áfram verið í góðum farvegi, en hafa ekki verið eins mikil og áður. Meðal annars hefur ekki verið haldinn árlegur samráðsfundur.

Samskipti við Háskólann í Reykjavík

Á starfsárinu voru nokkur samskipti milli VFÍ og Tæknisviðs Háskólans í Reykjavík. Einnig var haldinn a.m.k. einn fundur þar sem bæði voru fulltrúar úr stjórn félagsins og meðlimir í MVFÍ.

Auk þess að almennt var fjallað um verkfræðinám og tæknifræðinám við HR, var m.a. fjallað sérstaklega um nám í hugbúnaðarverkfræði við HR. Eins og áður var það vegna breytinga á undirstöðugreinum og einnig því að námið heyrir ekki undir verkfræðideild skólans.

Í júnímánuði var uppskeruhátíðin Verkin tala þar sem meistaranemar kynna niðurstöður rannsókna sinna á veggspjöldum. VFÍ veitti viðurkenningar fyrir tvö verkefni. Formaður MVFÍ tók þátt í að velja bestu kynninguna og Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ flutti ávarp.

Samskipti við Verkfræðideild HÍ

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfundi með Verkfræðideild HÍ um verkfræðinámið en ekki náðist að halda slíkan fund á starfsárinu.

Í mars var haldinn fundur um samstarf VFÍ og Verkfræðideildar HÍ meðal annars varðandi viðurkenningu fyrir lokaverkefni nemenda í verkfræði. Meistaradagur Verkfræðistofnuunar HÍ var síðan haldinn 31. maí, þar sem nemendur kynntu lokaverkefni sín í verkfræði. Að loknum kynningum veitti VFÍ þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar. Formaður MVFÍ tók þátt í að meta kynningarveggspjöld með lýsingu á verkefnunum, ásamt fulltrúa frá HÍ og Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ flutti ávarp.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Útgáfumál

Útgáfumál

Síðastliðin ár hefur útgáfustjórn Icelandic Journal of Engineering (Verktækni – tímarit VFÍ) gert átak í að fá tímaritið skráð í Scopus gagnagrunninn. (www.scopus.com). Erlendur ráðgjafi gerði úttekt á tímaritinu og listaði upp þær kröfur sem þurfti að uppfylla til að fá fyrrnefnda skráningu. Hefur hann jafnframt fylgst með framvindu verkefnisins. Á árinu 2022 fór mikill tími í að setja upp enskan hluta tímaritsins og koma á fullri virkni á íslensku og ensku. Tímaritið er nú í skráningarferli hjá Scopus og standa vonir til að samþykki liggi fyrir nú á vormánuðum 2023.

Frá árinu 2020 hafa fræðigreinar verið birtar á vef tímaritsins jafnóðum og þær eru tilbúnar til birtingar. Aðgangur er opinn (e. Green Open Access). Höfundar greiða ekki fyrir innsendingu á handriti né birtingu greina. Í lok hvers almanaksárs er gefið út prentað tölublað með greinum nýliðins árs. Hægt er að panta prentað tölublað á skrifstofu VFÍ. Greinar sem óskað er eftir að birtist á yfirstandandi ári þurfa að berast ritstjórnarfulltrúa fyrir lok septembermánaðar. Tímaritið er með vefsvæði annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku.

Ritstjórnina skipa eftirtalin:

Dr. Bjarni Bessason, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kristinn Andersen, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. María Sigríður Guðjónsdóttir, dósent, Háskólinn í Reykjavík.

timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Verktækni tímarit Verkfræðingafélags Íslands kom fyrst út í september 2013. Í tímaritinu voru birtar ritrýndar greinar og almennar tækni- og vísindagreinar auk annars efnis. Í árslok 2019 varð sú breyting á útgáfunni að áherslan er fyrst og fremst á útgáfu ritrýndra fræðigreina. Á ije.is má nálgast allar greinar sem birst hafa frá 2013. Hvað eldri greinar varðar þá er í gildi er samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félagsins sé aðgengilegt á raf-rænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

vfi.is

Fyrri hluta árs 2019 lauk uppsetningu á „Mínum síðum“ á vef VFÍ. Þar með varð auðveldara fyrir félagsmenn að fylgjast

með réttindum í sjóðum, stöðu umsókna, iðgjaldagreiðslum og öðru er tengist aðild að félaginu og sjóðum VFÍ.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: facebook.com/vfi.1912. Félagið er einnig á Instagram, verkfræðingafelag.

Rafbílar VFÍ

Í framhaldi af ráðstefnum VFÍ um rafbílavæðinguna var stofnaður hópurinn „Rafbílar VFÍ“ á Facebook. Stöðugt fjölgar í hópnum og þar eru áhugaverðar upplýsingar og umræður um rafbílavæðinguna.

Umsagnir

VFÍ er umsagnaraðili um hin ýmsu málefni. Félagið vill taka þátt í stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku. Umsagnir eru birtar jafnóðum á vef félagsins. Á starfsárinu, þ.e. frá maí 2022 fram að aðalfundi í loka apríl 2023 skilaði félagið umsögnum um eftirfarandi:

Frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál. (Dags. 2. júní 2022).

Vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð. Mál nr. 112/2022. (Dags. 31. ágúst 2022).

Frumvarp til laga um Vísinda – og nýsköpunarráð, 188. mál, lagafrumvarp. (Dags. 27. október 2022).

Siðanefnd VFÍ

Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir þetta:

Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftar ef tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrír fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.

Í Siðanefnd VFÍ eru:

Kristinn Andersen, Guðmundur Þorbjörnsson og Sunna Björg Reynisdóttir.

Engin mál bárust nefndinni á síðasta starfsári.

Frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnu-markaði. (Dags. 5. desember 2022).

Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál. Mál nr. 33/2023. (Dags. 1. mars 2023).

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025. Mál nr. 50/2023. (Dags. 15. mars 2023).

Flest þessi mál voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda en að auki leita ýmsir aðilar álits félagsins í málum sem talið er að varði hagsmuni félagsmanna og samfélagsins í heild.

Ánægjulegar niðurstöður

í þjónustukönnun

Í lok árs 2022 gerði Maskína þjónustukönnun fyrir Verkfræðingafélag Íslands. Sambærileg könnun var gerð 2019 og

hafði ánægja félagsmanna aukist á öllum sviðum. 2022 sögðust 72% vera ánægð en 68% í könnuninni 2019. Sem fyrr segir eru niðurstöður jákvæðari í öllum spurningum og meðaltals einkunnir VFÍ eru í öllum tilvikum yfir svokölluðu meðaltali Maskínu, sem hefur að geyma svör fjölmargra einstaklinga sem hafa svarað sambærilegum könnunum um þjónustu hinna ýmsu aðila, - fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka.

Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar sem lyki með útgáfu á sögu VFÍ á hundrað ára afmæli félagsins 19. apríl 2012.

Í ritröðinni eru átta bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsókna á Íslandi. (2005)
- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. - Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)
- Alþjóðaheilbrigðismál – Ísland til áhrifa (2016)





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og námskeiða voru haldin á vegum félagsins á starfsárinu og listinn aftast í ársskýrslunni er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Áður en Covid skall á af fullum þunga var hafinn undirbúningur að því að kaupa nýjan og fullkominn útsendingabúnað í fundasal VFÍ sem hefur sannað gildi sitt. Nú er stefnan að allir fundir séu í beinu streymi eða fjarfundir á Teams og Zoom.

Hægt er að nálgast upptökur á „Sjónvarp VFÍ“ sem er rás á Vimeo og er hlekkur á forsiðu vfi.is

Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar var haldinn 21. október 2022 á Hilton Reykjavík Nordica. Mæting á staðinn var mjög góð og einnig fylgdust fjölmargir með dagskránni í beinu streymi á visir.is. Dagur verkfræðinnar hefur verið haldinn sjö sinnum og aðsókn verið einstaklega góð frá upphafi. Markmiðið með viðburðinum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga.

IMaR 2022

Háskólinn í Reykjavík og Verkfræðingafélag Íslands stóðu fyrir ráðstefnunni IMaR 2022, fyrstu ráðstefnunni hér á landi um nýsköpun, risaverkefni og áhættu. Ráðstefnan er alþjóðleg og verður framhald á þessu samstarfi HR og VFÍ. Ráðgert er að næsta IMaR ráðstefna verði í tengslum við Dag verkfræðinnar 2024. Á IMaR kynna leiðandi fræðimenn, íslenskir og erlendir, hugmyndir, niðurstöður og framtíðarsýn um nokkur af stærstu málum samtímans.

Teningurinn

Carbon Recycling International, CRI hf., hlaut Teninginn viðurkenningu Verkfræðingafélags Íslands fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd, þegar hann var afhentur á Degi verkfræðinnar. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem tæknifræðingar og verkfræðingar vinna að. Hver dómnefndarmaður gaf einkunn fyrir hvert viðmið, sem eru alls sex talsins, og það verkefni sem hlaut hæstu meðaltals einkunn hreppti verðlaunin.

Verðlaunagripurinn hefur vakið verðskuldaða athygli. Hönnuðir eru Narfi Þorsteinsson og Adrian Rodrigues. Þeir félagarnir gerðu einnig kynningarmyndband um Teninginn sem hefur ekki síður vakið athygli en verðlaunagripurinn sjálfur. Hægt er að horfa á myndbandið á vef VFÍ og á Youtube.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudagur verkfræðinnar 2022 var haldinn í fjórða sinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, laugardaginn 27. ágúst. Loksins var hægt að taka upp þráðinn með krökkunum eftir Covid en aflýsa varð þessum vinsæla viðburði tvö ár í röð. Fjölskyldudagur verkfræðinnar er haldinn í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands.

Rýnisferðir

Covid-19 hafði vitaskuld áhrif á áformaðar Rýnisferðir og hnikuðust dagsetningar til. Á árinu 2022 var farið á heimssýninguna í Dubai 19. – 27. febrúar. Ferð ársins 2023 verður til Lissabon dagana 22. – 29. september. Rýnisferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið

1998 og eru nú orðnar 23. Rýnisferðir hafa notið mikilla vinsælda frá upphafi.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði og tæknifræði starfsemi félagsins. Þeim sem lengra eru komnir í náminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra, einnig Hönnunarkeppni HÍ sem er á vegum Vélarinnar, nemendafélagas vélaverkfræðinema. Fyrir Covid var reynt að heimsækja nemendur í Kaupmannahöfn annað hvert ár og voru þær kynningar mjög vel sóttar. Ráðgert er að taka upp þráðinn með heimsókn haustið 2023.

Á vormánuðum er haldin kynning fyrir nema sem eru um það bil að ljúka BS- eða MS gráðu í verkfræði eða tæknifræði. Ráðgjafar hjá Hagvangi flytja fyrirlestur um vinnumarkaðinn, ráðningarsamninga og ferilskrár og svara spurningum.

VerkTækni golfmótið

Var haldið á Húsatóftavelli í Grindavík sunnudaginn 4. september. Verkfræðingar fóru með sigur af hólmi. Mótið er opið fyrir alla golfara í VFÍ óháð stöðu forgjafar og er meginmarkmiðið að halda skemmtilegt mót. Samkvæmt hefðinni er sveitakeppni milli verkfræðinga og tæknifræðinga þar sem fimm bestu skor telja án forgjafar.

Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til



boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mann-
fagnaði og hefur það mælst vel fyrir.

Félagsskírteini

Á árinu 2017 gerði VFÍ samning við Íslandskortið um útgáfu á félagsskírteini. Marvíslegir afslættir fylgja notkun kortsins og eru upplýsingar á islandskortid.is þar sem afsláttarkjör eru uppfærð reglulega. Félagsskírteinið er rafrænt og eru leiðbeiningar um hvernig nálgast má kortið á vef VFÍ.

Nýr heiðursfélagi

Í nóvember 2022 var Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur útnefnd heiðursfélagi Verkfræðingafélags Íslands sem er æðsta viðurkenning félagsins. Við sama tækifæri voru Björn Marteinsson byggingaverkfræðingur og Kristinn Andersen rafmagnsverkfræðingur sæmdir heiðursmerki félagsins.

Guðrún Hallgrímsdóttir er önnur konan í 110 ára sögu Verkfræðingafélagsins til að hljóta þá sæmd að vera gerð að heiðursfélagi. Hin kon-

an er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands.



Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Í lok árs 2022 voru félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands 5.312. Konur voru 21,4% félagsmanna. Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Stéttarfélagi byggingarfræðinga þjónustu.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við háskólana. Slíkt samstarf er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi.

Í gegnum tíðina hefur VFÍ veitt viðurkenningar fyrir lokaverkefni nemenda. Á árinu 2022 voru veittar viðurkenningar á uppskeruhátíðinni Verkin tala í HR þar sem meistaranemar kynna niðurstöður rannsókna sinna á veggspjöldum. VFÍ veitti viðurkenningar fyrir tvö bestu veggspjöldin.

Þá flutti Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ ávarp á Starfsnámsdeginum í HR sem er lokahnykkurinn á starfsnámi verkfræðinema sem vinna að verkfræðilegum og hagnýtum úrlausnarefnum innan atvinnulífsins.

Á Meistaradegi Verkfræðistofnunar HÍ veitti VFÍ þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður í starfsemi félagsins. Nemendur eru yfirleitt áhugasamir um starfsemi VFÍ og vilja gjarnan fá tækifæri til að ræða ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Stjórn og Menntamálanefnd VFÍ (MVFI) eru í reglulegum samskiptum við háskólana. Reglulega er farið yfir reglur sem gilda um starfsheitið verkfræðingur og tæknifræðingur og störf Menntamálanefndar VFÍ.

Samstarf við Vísindasmiðju HÍ.

Verkfræðingafélag Íslands og Vísindasmiðja Háskóla Íslands hafa undanfarin ár unnið sameiginlega að því markmiði að efla áhuga ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun og efla jafnframt kennara á því sviði. Formlegt samstarf Vísindasmiðjunnar og Verkfræðingafélagsins hófst haustið 2018 og hefur meðal annars stuðlað að gerð fræðsluefnis fyrir kennara og nemendur um forritun, fræðsluverkefni fyrir grunnskóla um lausnir tengdar orkunotkun auk tilraunaverkefnis á vettvangi félagsmiðstöðva um undirstöðuatriði rafmagns.

Síðustu tvö ár hefur verið sérstök áhersla lögð á að efla FLL Legókeppni grunnskólanna, verkefni sem eflir og reynir á margsvíslega hæfni í nýsköpun, forritun, hönnun og skapandi lausnir. Vísindasmiðjan hefur yfirumsjón með keppninni fyrir hönd Háskóla Íslands og stefnt er á að stækka

verkefnið umtalsvert til þess að gefa fleiri skólum um land allt kost á þátttöku.

Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð fyrir að Vísindasmiðjan taki þátt í árlegum Fjölskyldudegi verkfræðinnar sem haldinn er í ágúst ár hvert, en undanfarin ár hefur fjöldi fólks lagt leið sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og kynntist af eigin raun tækjum, tólum og tilraunum Vísindasmiðjunnar.


Endurmenntun- samstarf við EHÍ og Hagvang

Verkfræðingafélag Íslands hefur frá upphafi verið aðili að Endurmenntun HÍ (EHÍ) og er því heiðursamstarfsaðili. Í september 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning VFÍ og Endurmenntunar HÍ. Markmiðið var að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ.

Endurmenntun HÍ hefur boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að halda námskeið á vegum landshlutadeildanna. VFÍ greiðir þá ferðakostnað fyrirlesara og gistingu ef þarf. Þannig er unnt að bjóða námskeiðin á sömu kjörum og hjá EHÍ í Reykjavík.

Á árinu 2020 var undirritaður samstarfssamningur við Hagvang um samstarf á sviði ráðninga og vinnumarkaðsmála. Hagvangur hefur séð um námskeið í launaviðtölum og einnig verið með önnur námskeið og fyrirlestra hjá VFÍ.

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2010 - 2023



ÍSHLJÓÐ

Hljóðvistarverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn 3. nóvember 2022. Verðlaunin eru veitt ábyrgðar- eða rekstraraðila fyrir framúrskarandi hljóðhönnun rýma fyrir hvers konar veitingastarfsemi, þ.e. kaffihús, veitingahús og sambærilegt. Viðurkenningin er samstarfsverkefni Íslenska hljóðvistarfélagsins (Íshljóð) og Verkfræðingafélags Íslands. Rætt hefur verið um að á næstu árum verði veitt hljóðvistarverðlaun í fleiri flokkum bygginga.

Íslenska hljóðvistarfélagið var stofnað árið 2006 og tilgangur félagsins er að tengja saman fólk sem vinnur við hljóðhönnun og hljóðvist á Íslandi. Félagið starfar sem fagþópur innan Verkfræðingafélags Íslands.

Norðurlandasamstarf

ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfs- vettvangur félaga verkfræðinga og tækni- fræðinga á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og öðru af tveimur félögum í Noregi. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tækni- fræðinga bæði innan Norðurlandanna og í alþjóð- legu tilliti. Í dag eru um 500 þúsund félags- menn í aðildarfélögum ANE.

ANE fagnaði 15 ára afmæli á árinu. Af því tilefni var gert myndband með viðtölum við formenn norrænu félaganna.

ANE vinnur að því að auka sýnleika og áhrif verkfræðingastéttarinnar. Í gegnum ANE miðla félögin þekkingu sín á milli og vinna að ákveðnum verkefnum. Af nýleg- um verkefnum má til dæmis nefna verkefni á sviði siðferðis og gervigreindar, sjálfbærni, hæfnipróunar og upplýsingagjöf um mikil- vægi rannsókna og nýsköpunar og sveigj- anlegt vinnumhverfi. Í september 2022 var birt skýrslan Hæfni vegna sjálfbærrar framtíðar sem er fyrsta tilraunin til að draga upp mynd af þeirri hæfni sem tæknimennt- aðir þurfa að búa yfir til að knýja áfram nauðsynlega þróun til grænni Norðurlanda í orkugeiranum.

Á vef ANE, www.nordicengineers.org og á Twitter og LinkedIn eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tækni- fræðinga. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórn- ar félaganna. Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 500 þúsund.

Á ársfundum NORDING bera forsvars- menn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu ver- kefni hvers félags.

Á vettvangi ANE og NORDING hefur VFÍ talað fyrir því að sameina kraftana und- ir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tækni- fræðinga og verkfræðinga á Norðurlöngunum taki þátt í því starfi.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tækni- fræðinga um gesta- aðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna

félaga tækni- fræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tækni- fræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki at- kvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræði- kostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkom- andi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Íslandsnefnd FEANI/ENGINEERS EUROPE

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tækni- fræðinga. Frá upphafi var nafn sam- takanna skammstafað FEANI en 1. janúar 2023 breyttist nafnið í Engineers Europe. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og Íslandsnefnd Engineers Europe starfar á vegum VFÍ. Undirritaður er formaður Menntamálanefndar VFÍ og jafnframt for- maður Íslandsnefndar Engineers Europe.

Aðalfundur Engineers Europe eru haldnir tvisvar sinnum á ári 21, Haustfundurinn er Teams fundur, haldinn í fyrstu viku október en vorfundurinn er haldinn í raunheimum í maí-júní. Sá fundur er haldinn í einhverju aðildarlandanna sem nú eru 33 talsins. Auk þess eru þrjú lönd til viðbótar með auka- aðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tækni- fræðingar). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir Engineers Europe opinberlega sem fulltrúa verk- fræðinga- og tækni- fræðingastéttanna í Evrópu. Þess vegna meðal annars var talið mikilvægt að breyta nafni samtakanna þannig að það lýsi betur starfseminni. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundi Engineers Europe. Vorfundurinn 2022 var haldinn í Berlín og hann sóttu þau Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ sem situr í stjórn Engineers Europe og Steindór Guðmundsson formaður Íslandsnefndar Engineers Europe.

Nánari upplýsingar um Engineers Europe má fá á heimasíðu samtakanna: <https://www.engineerseurope.com/>

Aðalfundur Engineers Europe 2022

Í tengslum við aðalfundina voru fundir landsnefndanna: „National Members Forum (NMF)“.

Á fundum NMF er m.a. sagt frá starfi þriggja landsvæða- hópa NMF, sem eru Engineers Europe North, Engineers Europe South og Engineers Europe Central, þar sem Ísland tilheyrir Norðrhópnum.

Einnig er fjallað um hópastarf þriggja vinnuhópa innan Engineers Europe, sem eru: a) STEM (Science, Technology, Engineering, Mathematics), b) Sustainability og c) E4E (Engineers for Europe).

FEANI North heldur tvo fundi á ári og er annar þeirra fjarfundur. Fulltrúar VFÍ sátu báða þessa fundi.

Í september 2023 er fyrirhugað að fundur hópsins Engineers Europe North verði haldinn í Reykjavík.

Kynning á Engineers Europe á Degi verkfræðinnar 2022

Á Degi verkfræðinnar 2022 héldu undirritaður og Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ sameiginlega kynningu á samtökunum Engineers Europe og á starfsemi Íslandsnefndar Engineers Europe.

Meðal annars var nýtt nafn samtakanna kynnt og breyttar reglur um Eur.Ing. titilinn. Einnig var kynnt hvernig Menntamálanefnd VFÍ nýtir sér samstarf við Engineers Europe og gagnagrunna þess um viðurkennda skóla og viðurkennt verkfræðinám og tækni- fræðinám í Evrópu.

F.h. Íslandsnefndar FEANI/ENGINEERS EUROPE

Steindór Guðmundsson, formaður.



Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagssjóðs Verkfæðingafélags Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-13. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðun-

in sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 104.9 mkr. en rekstrartekjur námu rúmum 305.7 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 578.1 mkr. en heildarskuldir tæpum 24.6 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 553.6 mkr. í árslok. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 553.6 mkr. hærri en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess hinn 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli.

Reykjavík, 20. apríl 2023.

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Verkfæðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 20. apríl 2023.

Kristjana Kjartansdóttir.

Eysteinn Einarsson.

Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2022

Rekstrarreikningur

	2022	2021
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	172.958	160.933
Félagsgj. stéttarf -byggingar- og tölvunarfræðinga	40.415	34.282
Umsýslugjöld	92.289	80.706
Rekstrartekjur alls	305.662	275.921
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	95.313	90.007
Húsnæðiskostnaður	19.411	19.594
Aðkeypt þjónusta	5.046	4.772
Þjónustusamningar	2.480	2.251
Skrifstofukostnaður	12.836	12.905
Stjórnarlaun-samninganefndir	2.610	2.160
Rekstrargjöld alls	137.696	131.689
Rekstrarafgangur/tap af aðalstarfsemi	167.966	144.232
<i>Aðrar (tekjur) og gjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	6.070	6.040
Félagakerfi, vél- og hugbúnaður	8.025	7.450
Húsbúnaður	127	1.259
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	10.265	13.967
Innlent og erlent samstarf	10.218	6.058
Kjarakannanir og námskeið	7.467	3.411
Sérfræðiþjónusta við félagsmenn	26.963	18.423
Önnur verkefni	8.036	2.180
Aðrar (tekjur) og gjöld alls	77.171	58.788
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	90.795	85.444
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	18.419	5.474
Fjármagnstekjuskattur	-4.054	-1.204
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-257	-288
	14.108	3.982
Tekjur umfram gjöld á árinu	104.903	89.426

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2022

	2022	2021		2022	2021
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir	0	0	Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	553.590	449.089
Veltufjármunir:			<i>Skuldir:</i>		
Skammtímakröfur	59.332	41.694	Skammtímaskuldir	24.555	40.584
Handbært fé:	518.813	447.979			
Samtals eignir	578.145	489.673	Samtals skuldir og eigið fé	578.145	489.673

Ársreikningur Verkfræðingahúss ses 2022

Verkfræðingahús ses

Stjórnina skipa:

Sveinn I. Ólafsson formaður

Agnar K. Hansen

Eva Yngvadóttir

Torfi G. Sigurðsson varameðstjórnandi

Inga Hersteinsdóttir varameðstjórnandi

Öll skrifstofurými í húsinu eru í langtímaleigu til trausta leigutaka.

Hafnar eru endurbætur á anddyri hússins. Meðal annars verða settar upp sjálfvirkar hurðir til að bæta aðgengi að húsinu.

Rekstrarafkoma ársins 2022 var góð, hagnaður um 17,9 m.kr.

Á árinu 2022 voru engar viðhalds-framkvæmdir.

Í sjóði voru um 65 m.kr. áramótin 2022-2023.

Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss ses 2022

	2022	2021
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	35.464	32.754
Rekstrartekjur alls	35.464	32.754
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	8.239	8.525
Framlag til samrekstrar	1.957	1.803
Annar kostnaður	488	1.037
Rekstrargjöld alls	10.684	11.365
Hagnaður/(tap) án fyrninga og fjármagnsliða	24.780	21.389
Fyrningar	-8.285	-7.501
Fyrningar alls	-8.285	-7.501
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	16.495	13.888
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	1.432	238
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	17.927	14.126

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2022

	2022	2021		2022	2021
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	520.357	471.137	Óráðstafað eigið fé	556.209	489.062
Fastafjármunir alls	520.357	471.137	Fyrningarsjóður fasteignar	26.428	19.080
			Eigið fé alls	582.637	508.142
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	64	64	Skammtímaskuldir	2.658	2.212
Handbært fé	64.874	39.153	Skuldir alls	2.658	2.212
Veltufjármunir alls	64.938	39.217			
Samtals eignir	585.295	510.354	Samtals skuldir og eigið fé	585.295	510.354

Ársskýrsla KVFI 2022

Stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður
Erlendur Örn Fjeldsted
Gunnar Sigvaldason
Halldór Zoëga
Helga Helgadóttir

Varamenn í stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Einar Halldórsson
Lúvísa Sigurðardóttir

Tveir starfsmenn eru í fullu starfi sem sérfræðingar á sviði kjaramála, þær Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt tólf fundi á starfsárinu og voru tekin til umfjöllunar mál er vörðuðu undirbúning kjaraviðræðna, kjarasamninga, úrlausn einstaklingsmála, uppsagnir, skipun í samninganefndir og kjarakönnun svo fátt eitt sé nefnt.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands var falið að gera tölfræðilega greiningu á kjörum verkfræðinga og tæknifræðinga til samanburðar við kjör annarra starfsstétta allt frá árinu 2000 til dagsins í dag. Það var ekki auðvelt að nálgast launatölur samanburðarhópanna og því tók lengri tíma að fá niðurstöður greiningarinnar en áætlað var. Skýrsla með niðurstöðum barst félaginu rétt fyrir aðalfund 2023 og stefnt er að því að kynna skýrsluna fljótlega.

Ýmis námskeið voru haldin á starfsárinu, ýmist sem staðnámskeið eða með fjarfundarbúnaði – eða blöndu af hvoru tveggja. Námskeið um launaviðtöl voru sem fyrr vel sótt. Námskeið fyrir trúnaðarmenn tókst mjög vel og er unnið markvisst að því að efla tengsl trúnaðarmanna við félagið. Í byrjun desember var haldin vinnustofa fyrir samninganefndir félagsins sem var hluti af undirbúningi fyrir komandi kjaraviðræður. Vinnustofan var vel sótt og almenn ánægja var með þennan undirbúning hjá samninganefndunum. Hægt var að halda fleiri samlokufundi en árið áður um ýmis mál eins og til dæmis LinkedIn, lífeyrismál, góðan starfsanda og þrautseigju, einnig var haldin kynning á kjarakönnun félagsins.

Í kjölfarið á Covid-19-faraldrinum hefur orðið nokkur breyting á fjölda heimsóknna félagsmanna á skrifstofu VFÍ. Samskipti

við félagsmenn fara nú mestmegnis fram símleiðis, með tölvupósti og með notkun fjarfundarbúnaðar. Stór hluti af daglegri vinnu starfsmanna kjaradeildar felst í því að svara fyrirspurnum einstaklinga, innlendra sem erlendra, sem leita til félagsins með margvísleg mál. Sem dæmi má nefna ráðgjöf vegna starfslokasamninga, uppsagna, ráðningarsamninga og túlkunar ákvæða í þeim, veita svör við fyrirspurnum launafulltrúa og samskipti við trúnaðarmenn félagsins.

Töluverð hreyfing hefur verið á vinnumarkaði á árinu, ef marka má fjölda ráðningarsamninga sem starfsmenn VFÍ hafa fengið til yfirlestrar á síðastliðnu ári.

Einnig hafa komið inn á borð kjaradeildar álitamál vegna veikindaréttar, ávinnslu orlofs og uppsagna í fæðingarorlofi ásamt útfærslu á styttingu vinnuvikunnar.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg fjölgun á beiðnum til félagsins um veitingu umsagna vegna umsókna erlendra verkfræðinga og tæknifræðinga um atvinnuleyfi hér á landi.

Lögfræðiaðstoð við félagsmenn er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. Erindum sem hefur verið vísað til lögfræðings hefur fjölgað þó nokkuð milli ára í takt við vaxandi fjölda félagsmanna.

Mikilvægt er að félagið haldi vel utan um skráningu og kosningu trúnaðarmanna, en mikil vinna hefur verið lögð í það að efla trúnaðarmenn og störf þeirra. Á hverjum vinnustað þar sem starfa fleiri en fimm félagsmenn á að velja einn trúnaðarmann starfsfólks. Ef starfsmannafjöldi er 50 eða fleiri er leyfilegt að trúnaðarmennirnir séu tveir. Trúnaðarmaður er skipaður í tvö ár í senn og er tengiliður félagsmanna, atvinnurekanda og stéttarfélagsins. Það er mikilvægt fyrir kjaradeildina að hafa öflugt net trúnaðarmanna.

Ljóst var að nýliðið starfsárs myndi mótast af gerð kjarasamninga. Flestir samningar sem félagið gerir losnuðu á tímabilinu 1. október 2022 til 31. mars 2023. Sem hluti af undirbúningi kjaraviðræðna var félagsmönnum sem áttu hlut að máli sendur tölvupóstur og þeim gefið tækifæri á að koma með sína sýn og áherslur fyrir kröfugerð og það var ánægjulegt að sjá hve þátttakan var mikil.

Kröfugerð gagnvart samningsaðilum var síðan mótuð eftir óskum félagsmanna.

Fyrsti kjarasamningurinn í samningalotunni var undirritaður í lok árs 2022 við Félag ráðgjafarverkfræðinga og má segja að við gerð þess samnings hafi loks verið hlustað á eindregnar kröfur félagsmanna sem starfa á verkfræðistofum um greiðslur á desember- og orlofsuppbót og voru ákvæði um það fest í samningnum. Endurskoðaður var kaflinn um orlofsréttindi en ávinnsla orlofsréttinda var lífaldurstengd sem telst ekki samræmast lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði. Endurskoðunin hafði í för með sér verulega bættu orlofsávinnslu félagsmanna sem heyra undir kjarasamninginn. Greidd var desemberuppbót til þess að koma til móts við samningsleysi en samningurinn gildir frá 1. janúar 2023 og vakti það nokkra athygli að samið var um prósentuhækkun en án launabaks.

Samninganefndir félagsins hafa verið samstíga í settum markmiðum og kröfugerð og einhuga í áherslum um að ná árangri við gerð samninga en samninganefndir félagsins eru margar:

Samninganefnd VFÍ við FRV.

Samninganefnd VFÍ við ríkið.

Samninganefnd VFÍ við Samband íslenskra sveitarfélaga, í samvinnu við Stéttarfélag byggingafræðinga.

Samninganefnd VFÍ við Reykjavíkurborg.

Samninganefnd VFÍ við Orkuveitu Reykjavíkur.

Samninganefnd við Rarik.

Samninganefnd við Landsvirkjun.

Samninganefnd við Landsnet.

Á starfsárinu 2022 til 2023 hafa nú þegar verið undirritaðir stofnanasamningar við Skattinn (febrúar 2022), Landmælingar (október 2022) og Persónuvernd (febrúar 2023) og núna þegar þetta er ritað er verið að leggja lokahönd á gerð og endurnýjun stofnanasamninga við Orkustofnun og Rannís. Þó nokkrir stofnanasamningar eru komnir til ára sinna og er nauðsynlegt að uppfæra eða endurnýja þá.

Við gerð nýrra eða endurnýjaðra stofnanasamninga hefur félagið átt mjög gott samstarf við trúnaðarmenn félagsins hjá viðkomandi stofnunum.

Gerð stofnanasamninga hefur oft verið unnin í samstarfi með öðrum háskólafélögum eins og til dæmis Félagi íslenskra náttúrfræðinga (FIN), Fræðagarði, Kjarafélagi

viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Félagi bókasafnsfræðinga.

Stéttarfélag byggingafræðinga og Stéttarfélag tölvunarfræðinga eru með þjónustusamning við VFÍ. Kjaradeildin veitir félagsmönnum félaganna ráðgjöf tengda kjaramálum og vinnur að gerð kjarasamninga fyrir þeirra hönd.

NIL-fundur var haldinn hér á Íslandi dagana 21. – 22. september 2022. Fulltrúar kjaradeildar VFÍ skipulögðu fundinn þar sem gagnleg og góð upplýsingaskipti áttu sér stað. Næsti NIL-fundur verður haldinn í Bergen í Noregi í september 2023.

Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2022


Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2022-2023:

Auður Ólafsdóttir
Hulda Guðmundsdóttir
Hermann Ólason
Bjarni Bentsson
Hreinn Ólafsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 854 þar af eru félagar í VFÍ 727 og aðrir 127 og fjölgaði um 1,4% milli ára.

Veittir voru 1117 styrkir alls sem er 23% fjölgun milli ára.

Fjöldi greiddra styrkja úr styrktarsjóði VFÍ




Efnahagsreikningur pr. 31.12.2022

	2022	2021
Eignir		
Skammtímakvótur	5.621	12.717
Handbært fé	64.215	63.573
	69.836	76.290
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	59.726	69.807
Skammtímaskuldir	10.110	6.483
	69.836	76.290

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 92,7 mkr og hækkuðu um 9,8% milli ára. Styrkir námu 96,8 mkr. Rekstrargjöld voru um 10,5 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 10,1 mkr. og óráðstafað eigið fé í árslok 2022 var 59,7 mkr. Frá og með áramótum 2018-2019 hafa gilt nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir eru greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Hlutfall styrkja af

Lykiltölur Styrktarsjóðs VFÍ




iðgjöldum var 104,2% 2022 en var 93% árið 2021. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga eru mismunandi; lægst 0,75% af launum og hæst 1% af launum.

Unnið er að tryggingafræðilegri úttekt og ljóst að skerða þarf úthlutanir amk tímabundið. Þar er sjónum einkum beint að lækkan á hlutfalli endurgreidds hlutfalls sjóðfélaga.

Á árinu 2022 var haldið áfram með ristilspeglun og áhættumat hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga.

Sjóðfélagar Styrktarsjóðs VFÍ



Rekstrarreikningur

	2022	2021
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	92.677	84.369
Rekstrartekjur alls	92.677	84.369
Rekstrargjöld		
Styrkir og hóprannsókn	96.777	78.474
Umsýslukostnaður	9.267	8.437
Annar kostnaður	1.200	1.264
Rekstrargjöld alls	107.244	88.175
Hagnaður/(tap) án fjármagnsliða	-14.567	-3.806
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	4.486	2.231
(Gjöld) umfram tekjur á árinu	-10.081	-1.575

Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2022

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2022 til 2023:

Hulda Björg Þórisdóttir
Halldór Árnason
Björgvin Áskelsson
Helgi Baldvinsson
Þór Hallgrímsson

Sjóðfélagar eru félagsmenn á FRV verkfræðistofum og félagsmenn á almennum markaði auk annarra sem tilheyra félögum sem eru með þjónustusamning við VFÍ.

Á síðastliðnu ári voru veittir 5058 styrkir sem er 22,8% fjölgun frá árinu áður.

Sjóðfélagar voru 3321 í árslok 2022 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Þar af voru félagar í VFÍ 2603 en aðrir 718. Sjóðfélögum fjölgaði því um 9,3% á árinu.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2022 námu 435,5 mkr. sem er 17,7% hækkun frá 2021. Styrkir námu rúmum 464,6 mkr og hækka um 24,6% milli ára. Rekstrargjöld voru 45,6 mkr.

Styrkir sem hlutfall af iðgjöldum 2022 voru 106,7% en 100,7% árið 2021. Fjáreignatekjur voru neikvæðar um 48,3 mkr 2021 en voru jákvæðar um 30,1 mkr 2022. Tryggingafræðilegri úttekt

á stöðu sjóðsins er að ljúka og stjórn vinnur að breyttum úthlutunarreglum. Tryggingahluti greiðslna úr sjóðnum verður þó ekki skertur.

Hóprannsóknir var haldið áfram á árinu bæði hjá Hjartavernd og ristilspeglanir.

Rekstrarreikningur

	2022	2021
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	435.509	370.084
<i>Rekstrartekjur alls</i>	435.509	370.084
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsóknir	464.616	372.831
Umsýslukostnaður	43.551	37.009
Annar kostnaður	2.038	1.868
<i>Rekstrargjöld alls</i>	510.205	411.708
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-74.696	-41.624
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	-48.346	30.057
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	-123.042	-11.567


Efnahagsreikningur

	2022	2021
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	41.216	36.317
Verðbréf	785.389	840.868
Handbært fé	172.676	164.959
	999.781	1.042.144
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	889.623	1.012.665
Skammtímaskuldir	109.658	29.479
	999.281	1.042.144


Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2013	789	
2014	839	6,3
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9
2019	3417	29,7
2020	3384	-1,0
2021	4119	21,7
2022	5058	22,8


Sjóðfélagar
Sjúkrasjóðs VFÍ



Lykiltölur
Sjúkrasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Sjúkrasjóði VFÍ



Skýrsla Vísindasjóðs 2022

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2022-2023 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ
Óli Jón Hertervig, VFÍ
Ásdís Ásbjörnsdóttir, f.h. Rvk. borgar
Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísindasjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnulaunum.

Þess ber að geta að með kjarasamningi félagsins við Reykjavíkurborg var hætt að greiða í sjóðinn en þess í stað er greitt í Starfsþróunarsjóð og er uppgjóri réttinda sjóðfélaga hjá Reykjavíkurborg að ljúka.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.

Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.

Iðgjöld 2022 námu 156,9 mkr og iðgjöld í Starfsþróunarsjóð 8,3 mkr. Heildarupphæð styrkja var 72,6 mkr. sem er tvöföldun frá árinu 2021.

Rekstrarreikningur

	2022	2021
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	156.923	145.905
Iðgjöld starfsþróunarsjóðs	8.294	7.255
Rekstrartekjur alls	165.217	153.160
Rekstrargjöld		
Styrkir	72.612	36.849
Umsýslukostnaður	16.522	15.316
Annar kostnaður	1.149	1.912
Rekstrargjöld alls	90.283	54.077
Hagnaður án fjármagnsliða	74.934	99.083
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	22.130	6.474
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	97.064	105.557


Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2022 er eftirfarandi: 167 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 186 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 353 umsóknir sem er 50% aukning á milli ára.

Alls var greitt fyrir 776 einstaklinga til sjóðsins árið 2022. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 665 og aðrir 111. Sjóðfélögum fjölgaði því um 21 á milli ára.


Efnahagsreikningur

	2022	2021
Eignir		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	17.868	21.628
Handbært fé	741.103	637.539
	758.971	659.167
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	754.550	657.486
Skammtímaskuldir	4.421	1.681
	758.971	659.167


Sjóðfélagar Vísindasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr Vísindasjóði VFÍ



Lykiltölur Vísindasjóðs VFÍ



Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2022

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2022-2023 skipuð eftirtöldum fulltrúum

Kristinn Steingrímsson, formaður
Heiða Njóra Guðbrandsdóttir
Linda Rós Birgisdóttir


Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum. Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á styrkjum úr sjóðnum. Árið 2022 var því fjórða árið sem styrkir voru greiddir. Alls voru greiddir út 277 styrkir að upphæð 16,6 mkr. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2022 342,6 mkr.

Sjóðfélagar í lok ársins 2022 voru 2567 þar af 1893 félagi í VFÍ og aðrir 674. Sjóðfélögum fjölgaði um 10,7% milli ára

Rekstrarreikningur

	2022	2021
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	77.321	65.034
<i>Rekstrartekjur alls</i>	77.321	65.034
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	16.609	16.277
Umsýslukostnaður	3.866	3.252
Annar kostnaður	741	480
<i>Rekstrargjöld alls</i>	21.216	20.009
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	56.105	45.025
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	7.546	1.368
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	63.651	46.393


Lykiltölur Starfsmenntunarsjóðs VFÍ




Efnahagsreikningur

	2022	2021
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	9.538	11.003
Handbært fé	334.745	268.857
	344.283	279.860
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	342.565	278.913
Skammtímaskuldir	1.718	947
	344.283	279.860

Fjöldi greiddra styrkja úr Starfsmenntunarsjóði



Sjóðfélagar Starfsmenntunarsjóðs



Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2022

Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2022-2023:

Margrét Edda Ragnarsdóttir
Sveinn V. Árnason
Kristján Sturlaugsson
Helgi Páll Einarsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2023 verður tuttugasta og sjötta sumarið sem úthlutað er til félagsmanna

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Sjóðurinn á fimm orlofshús, þrjú í Hraunborgum í Grímsnesi, eitt í Árnasi, eitt í Húsafelli en þar á sjóðurinn tvær lóðir og unnið er að smíði húsa á þeim. Þá á sjóðurinn íbúð í Sómatúni á Akureyri. Í Garðabæ leigir sjóðurinn íbúð sem er framleigð til sjóðfélaga allt árið og fjögur orlofshús í Klapparholti í Borgarfirði. Sumarið 2022 var auk þess boðið upp á íbúð á Ísafirði, orlofshús að Hrísum í Eyjafirði, íbúðir á Akureyri, hús í Vopnafirði, Öfundarfirði og að Staffelli á Austurlandi. Auk þess leigir sjóðurinn út tjaldvagn til sjóðfélaga.

Sumarið 2020 var Ferðaávísun í boði í fyrsta sinn en með henni er hægt að greiða fyrir niðurgreidda hóteltgistingu víðs vegar um landið.

Umsóknir um sumarúthlutun 2022 voru 395 og tókst að úthluta 185 gistingum í húsum og tjaldvagni. Auk þess gátu sjóðfélagar keypt miða og ferðaávísun fyrir hóteltgistingu, Golfkortið, Veiðikortið, Útilegukortið og Gjafabréf Ícelandair.

Alls var greitt fyrir 3963 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2022. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir voru 3050 en aðrir sjóðfélagar eru 913. Sjóðfélögum fjölgaði um 6,3% milli ára. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 123,8 mkr og leigutekjur voru 20,4 mkr.


Rekstrarreikningur

	2022	2021
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	123.785	107.092
Leigutekjur	20.371	16.993
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>144.156</u>	<u>124.085</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	51.888	41.949
Rekstur orlofshúsa	11.544	13.749
Umsýslukostnaður	17.125	14.890
Annar kostnaður	4.933	5.402
Fyrning sumarhúsa	7.533	8.013
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>93.023</u>	<u>84.003</u>
Hagnaður/tap/ án fjármagnsliða	51.133	40.082
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	3.172	240
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>54.305</u>	<u>40.322</u>


Efnahagsreikningur

	2022	2021
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	157.496	137.066
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	18.744	17.381
Handbært fé	151.390	115.085
	<u>327.630</u>	<u>269.532</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	317.154	264.580
Skammtímaskuldir	10.476	4.952
	<u>327.630</u>	<u>269.532</u>

Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Öldungadeild VFÍ

Skýrsla stjórnar ÖVFÍ um starf frá aðalfundi VFÍ 28. apríl 2022 til aðalfundar VFÍ 27. apríl 2023.

Aðalfundur Öldungadeildar VFÍ (ÖVFÍ) var haldinn 4. maí 2022 að Engjateigi 9. Stjórnarkosning fór ekki fram á þessum fundi, en á síðasta aðalfundi var stjórnin kosin til tveggja ára samkvæmt samþykktum ÖVFÍ. Stjórnina skipuðu því áfram til aðalfundar árið 2023 þeir Pétur Stefánsson formaður, Páll Sigurjónsson, Bergþór Þormóðsson, Andrés Svanbjörnsson og Magnús Bjarnason.

Á aðalfundinum var samþykkt breyting á 7. gr. samþykktar ÖVFÍ sem hér segir:

7. grein

Stjórn ÖVFÍ er skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi deildarinnar til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega og er hann talsmaður deildarinnar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Tvo af meðstjórnendum skal kjósa á hverjum aðalfundi.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn áður en kjörtímabili hans líkur, skal kjósa mann í hans stað á næsta aðalfundi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á aðalfundi 2023 skal kjósa tvo meðstjórnendur til tveggja ára og tvo meðstjórnendur til eins árs.

Á aðalfundinum var Albert Jónsson fyrrverandi sendiherra gestur. Hann flutti erindi um stríðið í Úkráníu. Fjallaði hann um stöðuna og hugsanlegar lyktir stríðsins.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi VFÍ hafa verið haldnir níu stjórnarfundir og sá tíundi er áætlaður sama dag og aðalfundur VFÍ. Stjórnarfundir eru nú að jafnaði síðasta fimmtudag í hverjum mánuði (voru áður síðasta föstudag). Starfsemin varð fyrir röskun fyrri hluta árs vegna sóttvarnaraðgerða yfirvalda (COVID19).

Félagsfundir á árinu voru fjórir:

- 13. október 2022. Orkuskipti, fyrirlesari Páll Erland framkv.st. SAMORKU.
- 8. desember 2022. Jólafundur, fyrirlesari Óttar Guðmundsson geðlæknir.
- 8. febrúar 2023. Fiskeldi, fyrirlesari Ragnar Jóhannsson sérfr. hjá Hafró í fiskeldi.
- 15. mars 2023. Heimurinn eins og hann er, fyrirlesari Stefán Jón Hafstein, fyrrum fjölmiðlamaður og starfsmaður Utanríkisráðuneytisins.

Farin var ein ferð á vegum deildarinnar:

- 6. október 2022. Ferð um Reykjanes.

Ferð á vegum deildarinnar verður farin til Þýskalands 14. til 20. maí 2023.

Stjórnin undirbýr svipaða stefnu í starfseminni á komandi ári eins og framfylgt hefur verið síðastliðin ár.

Pétur Stefánsson, formaður ÖVFÍ.

Magnús Bjarnason, ritari ÖVFÍ.

Staða fagdeilda

Nú eru starfandi innan VFÍ: Byggingarverkfræðingadeild, Efnaverkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Síðastliðin ár hefur verið rólegt yfir starf-

semi deildanna. Á því eru ýmsar skýringar. Til dæmis sú að skipulag fund og viðburða er nú meira á vegum skrifstofunnar en var hér í eina tíð.

Segja má að skipulag fagdeilda VFÍ sé barn síns tíma og endurspeglar ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt að líta til breyttra námsleiða og nýrra námgreina í háskólunum. Þá hefur verið nefnt að vænlegra sé að ná til félagsmanna með faghópum sem vinna að málum sem tengjast áhuga- og starfssviðum þeirra Áhugahópur um rafbíla á facebook er dæmi um slíkt.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyrja, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Páll Á. Jónsson, formaður, Bergþór Þormóðsson, Stefán Veturliðason og Davíð Á. Gunnarsson, varameðstjórnandi.

Þann 5. maí 2022 hélt deildin vinnustofu um hlutverk stjórnenda í breyttu umhverfi. Leiðbeinandi var Eypór Eðvarðsson stjórnendapjálfi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

Í febrúar 2023 stóð SVFÍ fyrir málþingi á Reykjavík Hilton Nordica um Borgarsamgöngur framtíðar. Málþingið vakti athygli, var mjög vel sótt og margir fylgdust með í beinu streymi.



Norðurlandsdeild VFÍ

Stjórn:

Björgvin Smári Jónsson, formaður.
Stefán H. Steindórsson, gjaldkeri.
Víðir Bjarkason, ritari.
Jón Pétur Indriðason.
Guðni Helgason.
Eva Hlín Dereksdóttir, varamaður.
Áki Áskelsson, varamaður.

Covid faraldurinn hafði eðli málsins samkvæmt mikil áhrif á starf deildarinnar. Vorið 2022 náðist að halda einn samlokufund, þar sem Norðurorka kynnti nýtingu vatns úr Vaðlaheiðargöngum.

Haustið 2022 hóf stjórn að skipuleggja nýtt starfsár og fundaði um hugsanlega viðburði og samlokufundi. Hægt gekk þó að koma starfinu í gang en í janúar 2023 komu starfsmenn frá skrifstofu VFÍ og héldu kynningu fyrir félagsmenn á Norðurlandi og var hún vel sótt. Í janúar og mars voru haldnir tveir samlokufundir sem voru vel sóttir, annarsvegar var sagt frá uppbyggingaráformum landeldis Samherja og hinsvegar

kynnt nýtt tækniþæðinám sem áætlað er að hefst næsta haust í Háskólanum á Akureyri. Í mars 2023 var loks haldinn aðalfundur og veisla sem var vel sótt. Þar voru haldnir saman frestaðir aðalfundir fyrir árin 2020-2023. Veislustjóri var Ívar Halldórsson, fyrirlsari kvöldsins var Freyr Ingólfsson sem kynnti uppbyggingu Íslandsþara.

Stjórn NVFÍ vill þakka félagsmönnum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku á því starfsári sem framundan er. Hafi félagsmenn tillögur að samlokufyrirlesturum eða öðrum viðburðum hvetur stjórn þá til að koma þeim á framfæri við einhvern stjórnarmanna.

Björgvin Smári Jónsson, formaður NVFÍ.

Austurlandsdeild VFÍ

Stjórn:

Valdimar Baldursson, formaður.
Björgvin Steinar Friðriksson, varaformaður.
Benedikt Stefánsson, ritari.
Hekla Kolka Hlöðversdóttir, meðstjórnandi.
Erna Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi.
Sigurður Freysson, varamaður.

Á þessu starfsári hafa viðburðir ekki verið ýkja margir og segja má að starfið hafi legið í dvala síðan um áramótin 2022. AVFÍ tók þátt í Tæknidegi fjölskyldunnar sem haldinn er á vegum Verkmenntaskóla Austurlands 1. október 2022. Farið var í haustferð 15. október þar sem Síldarvinnslan í Neskaupstað var heimsótt og fengu félagsmenn kynningu á nýrri fiskimjölsverksmiðju fyrirtækisins. Húsnæði og búnaður var skoðaður og er rétt að færa SVN kærar þakkar fyrir frábærar móttökur.

22. janúar 2023 lést Valdimar Baldursson formaður AVFÍ. Það hafði nokkur áhrif á starf deildarinnar enda var Valdimar lykilmáður í starfi hennar. Stjórn AVFÍ mun halda merki hans á lofti, hefur fundað um starfseminu framundan og stefnir að aðalfundi þann 3. maí 2023.

*F.h. stjórnar AVFÍ,
Björgvin Steinar Friðriksson.*

Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2022 hélt Orðanefndin engan fund. Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Jón Þóroddur Jónsson
Kristján Bjartmarsson
Ólafur Pálsson
Sigurður Briem, formaður
nefndarinnar
Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph. D. í íslenskri málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

Sigurður Briem, formaður

Ársskýrsla Kvennanefndar

Stjórn:

Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, formaður.

Emilía Valdimarsdóttir.

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir.

Jóhanna Björk Pálsdóttir.

Kolbrún Reinholdsdóttir.

Kvennanefnd VFÍ hefur nú starfað innan Verkfræðingafélags Íslands í tuttugu og þrjú ár. Á hvert stendur Kvennanefndin fyrir viðburðum sem ætlað er að styrkja við markmið nefndarinnar, þ.e. að styrkja tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tækniþróun á við og karla.

Covid faraldurinn hafði miki áhrif á starfsemi Kvennanefndarinnar og hefur hún ekki starfað af sama krafti og áður.

Til að fræðast nánar um störf Kvennanefndar, fá upplýsingar um næstu viðburði eða til að hafa samband við stjórnarkonur bendum við á facebooksíðu nefndarinnar: www.facebook.com/kvennanefndvfi.



Viðburðir 2022-2023

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2022-2023. COVID-19 kallaði á að fundir væru í beinu streymi og til að bregðast við því var fjárfest í nýjum og fullkomnum útsendingarbúnaði sem hefur sannað gildi sitt. Upptökur eru á „Sjónvarp VFÍ“. (Hlekkur á forsiðu vfi.is).

4. maí 2022

Aðalfundur Öldungadeildar VFÍ. Stríðið í Úkraínu.

Fyrirlesari: Albert Jónsson, f.v. sendiherra.

5. maí 2022

Hlutverk stjórnenda í breyttu umhverfi – vinnustofa.

Á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

Leiðbeinandi: Eypór Eðvarðsson, stjórnendapjálfi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

10. maí 2022

Fræðslufundur Byggingarstaðlaráðs og VFÍ.

Samlokufundur um Borgarlínu.

Fyrirlesari: Arndís Ósk Ólafsdóttir Arnalds, yfirmaður verkefnastofu Borgarlínu hjá Vegagerðinni.

17. maí 2022

Samráðsfundur nefnda og deilda VFÍ.

18. maí 2022

Nýsköpun og tækniframfarir.

Samlokufundur í samstarfi við FT.

Fyrirlesari: Ólafur Andri Ragnarsson, aðjúnkt við HR.

31. maí 2023

Kynning fyrir starfsmenn norrænu félaganna.

27. ágúst 2022

Fjölskyldudagur verkfræðinnar.

Í samstarfi við Vísindasmiðju HÍ.

4. september 2022

VerkTæknimótið í golfi.

6. september 2022

Ferð Öldungadeildar VFÍ um Reykjanesið.

15. september 2022

Brautseigja í kjölfar erfiðra tíma.

Fyrirlesari: Dr. Sigríður Björk Þómar, sálfræðingur.

29. september 2022

Samlokufundur: Kynning á kjarakönnun, - kjaraviðræður framundan.

Fyrirlesari: Ævar Þórólfsson, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ.

13. október 2022

Fundur ÖVFÍ: Orkuskipti og raforkukerfi á tímamótum.

Fyrirlesari: Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku.

18. október 2022

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

20. október 2022

IMaR 2022 Nýsköpun – Risaverkefni – Áhætta

Ráðstefna haldin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

21. október 2022

Dagur verkfræðinnar. Afhending Teningsins.

27. október 2022

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

3. nóvember 2022

Samlokufundur: Góður vinnufélagi í góðum starfshópi

Fyrirlesari: Reynar Kári Bjarnason, sálfræðingur.

3. nóvember 2022

Afhending Hljóðvistarverðlaunanna. Samstarfsverkefni ÍSHLJÓÐS og VFÍ.

4. nóvember 2022

Vísindaferð iðnaðar-, véla- og efnaverkfræðinema við HÍ. (Vélin).

8. nóvember 2022

Kynning fyrir fyrsta árs nema í umhverfis- og byggingarverkfræði í Háskóla Íslands.

11. nóvember 2022

Haustfundur Rafstaðlaráðs í samstarfi við VFÍ.

Fræðslufundur um rafeldsneyti.

Fyrirlesarar: Jón Heiðar Ríkharðsson, vélaverkfræðingur hjá Eflu, Egill Tómasson, nýsköpunarstjóri hjá Landsvirkjun og Anna Margrét Kornéliusdóttir, verkefnastjóri hjá Grænu orkunni.

16. nóvember 2022

Heimsókn ÖVFÍ til Össurar.

Gestgjafar: Christophe Lecomte og Guðni Ingimarsson, verkfræðingar hjá Össuri.

18. nóvember 2022

Heiðursveitingar VFÍ.

24. nóvember 2022

Samlokufundur um lífeyrismál.

Fyrirlesari: Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

29. nóvember 2022

Haustfundur Byggingarstaðlaráðs í samstarfi við VFÍ.

Vistvænni steypuframkvæmdir og rannsóknir í mannvirkjagerð.

Fyrirlesarar: Sigríður Ósk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri umhverfismála hjá Hornsteini ehf. og Þórunn Sigurðardóttir, sérfræðingur á sviði nýsköpunar hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

30. nóvember 2022

Námskeið í samningatækni, fyrir samninganefndir VFÍ.

1. desember 2022

Samráðsfundur nefnda og deilda VFÍ.

5. desember 2022

Kynning fyrir fyrsta árs nema í tæknifræði við Háskólann í Reykjavík.

8. desember 2022

Jólafundur ÖVFÍ.

Gestur fundarins: Óttar Guðmundsson, geðlæknir.

4. desember 2022

Kynning á nýjum kjarasamningi FRV.

12. janúar 2023

Kynningarfundur hjá Norðurlandsdeild VFÍ.

Kynning á þjónustu og starfsemi VFÍ.

23. janúar 2023

Rakaskemmdir og mygla í byggingum.

Ráðstefna í HR í samstarfi við Betri byggingar.

26. janúar 2023

Samlokufundur Norðurlandsdeilda VFÍ.

Uppbyggingaráform Samherja í landeldi.

Fyrirlesari: Birkir Baldvinsson, verkefnastjóri hjá Samherja.

2. febrúar 2023

Málþing SVFÍ á Reykjavík Hilton Nordica.

Borgarsamgöngur framtíðar

2. febrúar 2023

Vísindaferð rafmagns- og tölvuverkfræðinema í HÍ.

8. febrúar 2023

Fundur Öldungadeilda VFÍ. Fiskeldi á Íslandi. – Þróun og framtíðarhorfur.

Fyrirlesari: Ragnar Jóhannsson, rannsóknastjóri hjá Hafrannsóknastofnun.

27. febrúar 2023

Námskeið í samstarfi við Tölvu- og stærðfræðipjónustunnar.

Skemmtiferð um heiminn á vængjum stærðfræðinnar.

Leiðbeinandi: Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði.

7. mars 2023

Samlokufundur.

Kynning á LinkedIn.

Fyrirlesarar: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, mannauðsráðgjafi hjá Eflu.

13. og 14. mars 2023

Trúnaðarmannanámskeið.

15. mars 2023

Fundur Öldungadeilda VFÍ.

Heimurinn eins og hann er.

Fyrirlesari: Stefán Jón Hafstein, fyrrverandi útvarpsmaður með meiru.

17. mars 2023

Aðalfundur Norðurlandsdeilda VFÍ.

Gestur fundarins: Freyr Ingólfsson, verkfræðingur hjá Íslandsþara.

22. mars 2023

Námskeið: Árangursrík samskipti og stjórnun mannauðs.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

23. mars 2023

Samlokufundur Norðurlandsdeilda VFÍ.

Tæknifræðinám á Akureyri.

Fyrirlesari: Ólafur Jónsson, verkefnastjóri hjá Háskólanum á Akureyri.

28. mars 2023

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

29. mars 2023

Samlokufundur: Fab Lab Reykjavík.

Kynning á starfseminni og kostum sem í boði eru.


18. apríl 2023

Samlokufundur: Íslenska alþjóðasveitin á skjálftasvæðum í Tyrklandi.

Fyrirlesarar: Verkfræðingarnir Sólveig Þorvaldsdóttir og Erlendur Birgisson.

27. apríl 2023

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands.



Verkfræðingafélag Íslands